

frá morgni

★ 1 dag er þriðjudagur 30. október. Absalon. Tungl í hásuðri kl. 13.48. Árdegisháflæði kl. 6.13. Síðdegisháflæði kl. 18.27.

til minnis

★ Næturvarsla vikuna 27. október til 3. nóvember er í Vesturbæjarapóteki, sími 22290.

★ Neyðarlæknir, vakt alla daga nema laugardaga kl. 13—17 sími 11510.

★ Slysavörðstofan í heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhringinn, næturlæknir á sama stað kl. 18—8, sími 15030.

★ Slökkviliðið og sjúkrabíreiðin, sími 11100.

★ Lögreglan, sími 11166

★ Holtspótek og Garðspótek eru opin alla virka daga kl. 9—19, laugardaga kl. 9—16 og sunnudaga kl. 13—16

★ Hafnarfjarðarapótek er opið alla virka daga kl. 9—19, laugardaga kl. 9—16 og sunnudaga kl. 13—16.

★ Sjúkrabíreiðin Hafnarfirði sími 51336

★ Kópavogspótek er opið alla virka daga kl. 9.15—20, laugardaga kl. 9.15—16, sunnudaga kl. 13—16

★ Keflavíkurapótek er opið alla virka daga kl. 9—19, laugardaga kl. 9—16 og sunnudaga kl. 13—16.

★ Útivist barna. Börn yngri en 12 ára mega vera úti til kl. 20.00, börn 12—14 ára til kl. 22.00. Börnum og unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að veitinga-, dans- og sölustöðum eftir kl. 20.00


söfnin

★ Bókasafn Dagsbrúnar er opið föstudaga kl. 8—10 e.h., laugardaga kl. 4—7 e.h. og sunnudaga kl. 4—7 e.h.

★ Þjóðminjasafnið og Listasafn ríkisins eru opin sunnudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga kl. 13.30—16

★ Bæjarbókasafnið Þingholtsstræti 29A, sími 12308. Útlánsdeild: Opið kl. 14—22 alla virka daga nema laugardaga kl. 14—19, sunnudaga kl. 17—19. Lesstofa: Opið kl. 10—22 alla virka daga nema laugardaga kl. 10—19, sunnudaga kl. 14—19. Útibúðir Hólmgarði 34: Opið kl. 17—19 alla virka daga nema laugardaga. Útibúðir Hofsvallagötu 16: Opið kl. 17.30—19.30 alla virka daga nema laugardaga

Krossgáta Þjóðviljans



★ Nr. 13. — Lárétt: 1 grenjir, 6 göróttur, 8 einkennisstafir, 9 skást, 10 tímabil, 11 sérhljóð, 13 ending, 14 hrjúfur, 17 hald. Lódrétt: 1 forfaðir, 2 einkennisstafir, 3 gjálfrá, 4 ending, 5 rísa, 6 kvennafn, 7 huglaus, 12 þangað til, 13 kvennafn, 15 einkennisstafir, 16 eins.

★ Asgrimssafn Bergstaðastræti 74 er opið þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga kl. 13.30—16.

★ Tæknibókasafn IMSI er opið alla virka daga nema laugardaga kl. 13—19

★ Listasafn Einars Jónssonar er opið sunnudaga og miðvikudaga kl. 13.30—15.30.

★ Minjasafn Reykjavíkur Skúlatúni 2 er opið alla daga nema mánudaga kl. 14—16

★ Bókasafn Kópavogs útlán þriðjudaga og fimmtudaga í báðum skólunum

★ Landsbókasafnið, Lestrarsalur opin alla virka daga kl. 10—12, 13—19 og 20—22 nema laugardaga kl. 10—12 og 13—19. Útlán alla virka daga kl. 13—15.

★ Þjóðskjalasafnið er opið alla virka daga kl. 10—12 og 14—19.

skipin

★ Hafsskip. Laxá er á leið til Svíþjóðar. Rangá lestar á Austfjörðum.

★ Eimskipafélag Íslands. — Brúarfoss kom til Reykjavíkur 27. þ.m. frá N.Y. Dettifoss kom til Hafnarfjarðar 28. þ.m. frá Hamborg og Rotterdam. Fjallfoss fór vantanlega frá Kaupmannahöfn í gær til Reykjavíkur. Goðafoss fór frá Akranesi 28. þ.m. til N. Y. Guðfoss kom til Reykjavíkur 28. þ.m. frá Leith og Kaupmannahöfn. Lagarfoss fór frá Helsinki í gær til Leningrad og Kotka. Reykjavogsskipið frá Hull 24. þ.m. Væntanlegur til Hafnarfjarðar um hádegi í dag. Selfoss fór frá Dublin 19. þ.m. til N.Y. Tröllafoss fór frá Hamborg 27. þ.m. til Hull og Rvíkur. Tungufoss fór frá Seyðisfirði 27. þ.m. til Lysekil og Gravarna.

★ Skipaútgæð ríkisins. Hekla er í Reykjavík. Esja fer frá Reykjavík kl. 20.00 í kvöld austur um land í hringferð. Herjólfur fer frá Eyjum kl. 21.00 í kvöld til Reykjavíkur. Þyrill fór frá Siglufirði 25. þ.m. áleiðis til Hamborgar. Skjaldbreið er vantanleg til Reykjavíkur í dag að vestan frá Akureyri. Herðubreið er í Reykjavík.

★ Skipadeild SÍs. Hvassafell fer vantanlega 31. þ.m. frá Archangelsk áleiðis til Honfleur. Arnarfell er á Raufarhöfn. Jökulfell fer í dag frá London áleiðis til Hornafjarðar. Disarfell er vantanlegt á morgun til Reykjavíkur frá Húnaflóahöfnunum. Helgafell fór 27. þ.m. frá Stettin áleiðis til Reykjavíkur. Hamrafell fór 28. þ.m. frá Batumi áleiðis til Rvíkur

leiðrétting

★ Í fréttum frá Akranesi sem birtust hér í blaðinu sl. laugardag og sunnudag misritaðist nafn kvintettsins er leikur í félagsheimilinu Rein í vetur. Heitir hann **Dunó** en ekki Dunó. Eru hlutaðeigendur beðnir afsökunar á þessum mistökum.

sýningar

★ Ester Ásgerður Búadóttir sýnir að Karfagötu 22. Sýningin verður opin daglega kl. 2—10 síðdegis til 6. nóvember. Magnús Á. Arnason sýnir í Bogasalnum. Sýningin verður opin daglega kl. 2—10 síðdegis til 4. nóvember. Hafsteinn Austmann sýnir í Kastalagerði 7 í Kópavogi. Sýningin verður opin kl. 2—10 daglega til 3. nóvember. Hay W Hansen sýnir á Mokka.

gengið

★ 1 Enskt pund	120.57
1 Bandaríkjadollar	43.06
1 Kanadadollar	39.96
100 Danskar krónur	621.81
100 Norskar krónur	602.30
100 Sænskar krónur	835.58
100 Finnisk mörk	13.40
100 Franskir fr.	878.64
100 Belgískir fr.	86.50
100 Svissneskir fr.	995.43
100 Gyllini	1.194.87
100 V-þýzk mörk	1.075.53
100 Tékkn krónur	698.00
1000 Lírur	69.38
100 Austurr. sch.	166.88
100 Pesetar	71.80

alþingi

★ Dagskrá efri deildar Alþingis þriðjudaginn 30. okt. 1962, klukkan 1.30 síðdegis. Vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi, frv. — 1. umr. Neðri deild: 1. Hámarksþöknun fyrir verkfræðistörf, frv. 2. Norðurlandasamningur um innheimtu meðlaga, frv. 2. umr. 3. Innflutningsgjald á heimilissvélum, frv. — 1. umr. 4. Félagsheimili, frv. 1. umr.

vísan

★ Þjóðviljinn birti mynd af núverandi og fyrrverandi fjármálaráðherra: Greipar söpa Gunnar lét gjörðist mikill fengur, jafnvel Eysteins mörgu met man nú enginn lengur. **Bau.**

blöð og tímarit

★ Jökull, ársrit Jökla-annsóknafélags Íslands, 11. árg. er kominn út. Efni: Sigurjón Rist: Rannsóknir á Vatnajökli 1960. Sigurður Þórarinnson: Vatnajökulsferðir Jökla-annsóknafélagsins 1961. Jón Eypórsson: Jóhannes Áskels-son, minningarorð. Jón Eypórsson: Report on Sea Ice off the Icelandic Coasts, Oct. 1960 — Sept. 1961. Jón Eypórsson: Jöklaabreytingar 1959-1960 og 1960-1961. Gunnar Böðvarsson: Physical Charac-

til kvölds

Leikið með ástina



Stjörnuþjóð sýnir um þessar mundir bandaríska lífmynd, Leikið með ástina. Fjallar hún eins og nafnið bendir til um ástir svo og „galdra“ og er þessu tvennu blandað saman til þess að gera efnið sögulegt og spennandi. Myndin er frá Columbia kvikmyndafélaginu. Með aðalhlutverkin fara James Steward og Kim Novak.

eristics of Natural Heat Resources in Iceland. Gunnar Böðvarsson og Guðmundur Pálmason: Exploration of Subsurface Temperature in Iceland. Gunnar Böðvarsson og Jóhannes Zoega: Production and Distribution of Natural Heat for Domestic and Industrial Heating in Iceland. Gunnar Böðvarsson: Utilization of Geothermal Energy for Heating Purposes and Combined Schemes Involving Power Generation, Heating and 7 or By-Products.

félagslíf

★ Bazar Verkavennafélagsins Framsóknar verður 7. nóv. n.k. Konur eru vinsamlega beðnar að koma gjöfum á bazarinn í skrifstofu Verkavennafélagsins í Alþýðuhúsinu.

útvarpið

- 13.00 „Við vinnuna“
14.40 „Við sem heima sitjum“ (Sigurður Thorslacius).
18.00 Tónlistartími barnanna (Jón G. Þórarinnson).
20.00 Einsöngur í útvarpsal: Ólafur P. Jónsson syngur. Við hljóðfærið er Rognvaldur Sigurjónsson.
20.20 Framhaldsleikritið „Lorna Dünn“ eftir Richard D. Blackmore og Ronald Gow; I. kafli. Þýðandi: Þórður Einarsson. — Leikstjóri: Hildur Kalman. Leikendur: Rúrik Haraldsson, Halldór Karlsson, Baldvin Halldórsson, Þóra Borg, Indriði Waage, Valur Gíslason, Guðrún Ásmundsdóttir, Kristín Anna Þórarinnsdóttir, Arndís Björnsdóttir og Kristín Waage.
20.55 Tvö ítölsk tónverk: a) Sónata í A-dúr op. 2 nr 3 eftir Albinoni. b) Konsert í C-dúr fyrir tvö óbó, strengjasveit og sembla eftir Vivaldi.
21.15 Úr Grikklandsfór: I. Bið í Belgrad (Dr. Jón Gíslason skólastjóri).
21.40 Tónarnir rekja sögu sína; I. Forntónlist (Guðmundur Matthías-son).
22.10 Lög unga fólksins (Gerður Guðmundsdóttir).

Þingsjá Þjóðviljans

Framhald af 5. síðu
tolla, en fleira þyrfti að líta á í



Þessu sambandi. Enda mætti það undarlegt heita, að frumvarp sem þetta hefði ekki komið fram, meðan Framsóknarflokkurinn hafði aðstöðu til þess að fá málið afgreitt. Hann teldi einnig, að fjárfesting í landbúnaði hefði ekki dregið saman vegna núverandi stjórnsýsfestu.

Ásgeir Bjarnason benti á að gengisfellingarnar hefðu margfaldað tolla og skatta vegna hækkaðs innkaupsverðs tækjanna, og ætti það sinn stóra þátt í að bændur risu ekki undir að kaupa þessi tæki.

Magnús Jónsson ítrekaði þá skoðun sína, að ekki væri um

að ræða samdrátt í framkvæmdum bænda. En á hitt mætti benda, að e.t.v. hafi fjárfesting bænda verið of mikil undanfarið og að sú fjárfesting hafi ekki verið nógu hagkvæm. Þá gat hann þess, að í athugun væri hjá Búnaðarbankanum að veita lán til dráttarvélaþaka, en ekki hefði enn verið tekin endanleg ákvörðun um það, né um lánsupphæð og lánstíma.

Ásgeir Bjarnason kvaðst harma, að þessi ákvörðun hefði ekki enn verið tekin, svo úr því fengist skorið sem fyrst, hvort slík lán yrðu veitt.

Frumvarpinu var að þessu loknu vísað til nefndar og annarrar umræðu.

Í neðri deild mælti Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, fyrir frumvarpi um ný lyfsölulög. Rakti hann fyrst nokkuð undirbúning þessa máls en gerði síðan grein fyrir einstökum köflum frumvarpsins.



Kvað hann orðið fyllilega tímabært að setja heildarlöggjöf um þessi mál til þess að tryggja eðlilegt og nauðynlegt eftirlit með sölu lyfja, útgáfu lyfseðla o. fl.

svo unnt sé að koma í veg fyrir misnotkun lyfja að svo miklu leyti sem hægt er. Ráðherrann kvað frumvarpið samíð og flutt í samráði við þá aðila, sem hagsmuna ættu að gæta í sambandi við þessi mál og væri þess að vænta, að það næði fram að ganga á þessu þingi.

Frumvarpinu var vísað til nefndar og annarrar umræðu.

Þórarinn Þórarinnson mælti fyrir frumvarpinu til laga um ferðaskrifstofur. Vísaði hann til framsöguræðu sinnar og umræða, sem orðið hefðu í deildinni um frumvarp sitt um afnám einkaréttar Ferðaskrifstofu ríkisins til þess að reka hér á landi ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. — Hefur áður verið sagt frá þeim umræðum hér í blaðinu.

Málinu var vísað til nefndar og annarrar umræðu.

Íþróttir

Framhald af 4. síðu
jöfnuðu 9.9. 10. mark Þróttar kom er ein mínúta var til leiksloka en hún nægði Val til að jafna leikinn og skildu liðin jöfn að leik loknum.

Mörk Þróttar settu þeir Grétar 4, Haukur 2, Axel 2, Helgi og Gunnar 1 mark hvor.

Mörk Vals: Bergur 3, Stefán 3. Bergsteinn 2, Sigurður 2. Frimann Gunnlaugsson dæmdi leikinn.

Einnig fór fram leikur í 3. flokki A karla og áttust þar við Fram og KR. Fram sigraði með 5:2. Öll mörkin voru sett í fyrri hálfleik.

Kjarnasprengjur

Framhald af 7. síðu
af völdum beltisins. Og nú spyrja fræðimenn sjálfa sig beirrar spurningar, hvort smáagnir þær, sem myndast hafa við þessa sprengingu, muni ekki hafa sömu áhrif á snúnings jarðarinnar og eldumbrotin á sólunni. Sé svo, er full ástæða til að ætla, að um samband sé að ræða milli stjórna stór-jarðskjálfta og kjarnorkutilraunarinnar í 480 kílómetra hæð yfir jörðu. Ætla mætti því, að full ástæða sé til fyrir stórveldin að hætta slíkum tilraunum.

En auk alls þessa hafa menn velt fyrir sér öðrum spurningum. Lærisevinn galdramannsins hefur áður verið nefndur í sambandi við hina nýtilkomnu vitneskju mannsins um atómið. Máski gæti hann af jafnmikilli vanþekkingu gert jörðina óvægilega þess að til